

Lög

um breytingu á lögum nr. 38 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 6. gr. laganna, sbr. 2. gr. laga nr. 1 14. janúar 1999 og 1. gr. laga nr. 9 16. mars 1999:

- a. Í stað ártalsins „2000“ í 1. mgr. kemur: 2001.
- b. Í stað ártalsins „2000“ í 2. másl. 3. mgr. kemur: 2001.
- c. 5. másl. 5. mgr. fellur brott.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á ákvæði til bráðabirgða XXIII við lög, sbr. ákvæði til bráðabirgða I við lög nr. 1 14. janúar 1999 og 2. gr. laga nr. 9 16. mars 1999:

- a. Í stað orðanna „1998/1999 og 1999/2000“ í 1. mgr. kemur: 1998/1999, 1999/2000 og 2000/2001.
- b. 3. másl. 4. mgr. orðast svo: Heimilt er að flytja allt að 20% af þorskaflahámarki frá einu fiskveiðiári yfir til þessa næsta á eftir.
- c. Í stað orðanna „á hvoru fiskveiðiári 1998/1999 og 1999/2000“ í 6. mgr. kemur: á hverju fiskveiðiári.
- d. Í stað orðanna „hvoru fiskveiðiári“ í síðasta málslið 6. mgr. kemur: hverju fiskveiðiári.
- e. Í stað orðanna „á hvoru fiskveiðiári 1998/1999 og 1999/2000“ í fyrri málslið 8. mgr. kemur: á hverju fiskveiðiári.
- f. Í stað orðanna „hvoru fiskveiðiári“ í síðari málslið 8. mgr. kemur: hverju fiskveiðiári.
- g. Í stað orðanna „1998/1999 og 1999/2000“ í 11. mgr. kemur: 1998/1999, 1999/2000 og 2000/2001.
- h. Í stað orðanna „á fiskveiðiárinu 1999/2000“ í 12. mgr. kemur: á fiskveiðiárunum 1999/2000 og 2000/2001.
- i. Í stað orðanna „1998/1999 og 1999/2000“ í 2. másl. 14. mgr. kemur: 1998/1999, 1999/2000 og 2000/2001.
- j. Í stað orðanna „til upphafs fiskveiðiársins 2000/2001“ í 1. másl. 15. mgr. kemur: til 1. september 2001.
- k. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Hafi krókaafhlutdeild í þorski verið flutt á fiskveiðiárinu 1999/2000 af báti sem krókaleyfi hefur með takmörkun á þorski skv. 6. og 8. mgr. til báts sem krókaleyfi hefur með þorskaflahámarki, sbr. 4. mgr., skal úthluta þeim báti sem þorskaflahlutdeildin var flutt af veiðileyfi með þorskaflahámarki á fiskveiðiárinu 2000/2001 nema eigandi þess báts velji veiðileyfi með krókaafلامarki.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á ákvæði til bráðabirgða XXIV við lög, sbr. ákvæði til bráðabirgða II við lög nr. 1 14. janúar 1999 og 3. gr. laga nr. 9 16. mars 1999:

a. 7. mgr. orðast svo:

Bátum sem veiðileyfi hafa með krókaafلامarki er aðeins heimilt að stunda veiðar úr þeim tegundum er þeir hafa krókaafلامark í og tegundum sem ekki sæta takmörkunum á leyfilegum heildarafla. Ráðherra skal þó setja reglur um leyfðan meðafla.

b. Við ákvæðið bætist ný málsgrein og orðast svo:

Þrátt fyrir ákvæði til bráðabirgða XXIII við lögin er Fiskistofu heimilt að veita bátum veiðileyfi með krókaafلامarki á fiskveiðiárinu 2000/2001 að uppfylltum skilyrðum skv. 5. gr. laganna. Eigendum báta sem stunda veiðar samkvæmt ákvæði til bráðabirgða XXIII við lögin er heimilt að velja veiðileyfi með krókaafلامarki á fiskveiðiárinu 2000/2001 sækir þeir um slíkt leyfi til Fiskistofu fyrir 15. júní 2000, en úthlutað krókaafلامark þeirra getur þó aldrei orðið hærra en sem leiðir af krókaafلامlutdeildum þeim sem bundnar voru á viðkomandi skipi 1. apríl 2000. Hafi aðili selt krókabát sinn án krókaafلامlutdeilda á tímabilinu frá 15. janúar 1999 til 1. apríl 2000 getur Fiskistofa heimilað flutning þeirra krókaafلامlutdeilda sem við bátinn voru bundnar til báts sem veiðileyfi fær með krókaafلامarki, enda leggi hann fram við Fiskistofu, eigi síðar en 15. júní 2000, samning um sölu bátsins, greinargerð um ráðstöfun krókaafلامlutdeilda og beiðni um flutning þeirra.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Samþykkt á Alþingi 9. maí 2000.